



VATN

hvaðan kemur vatnið?

Verkefni fyrir 4-12 ára

Í þessu verkefni er farið í gönguferð/rútuferð að vatnsbóli/uppsprettu. Skoðað og fræðst um hvernig vatnið verður tært og neysluhæft í hringrás sinni í náttúrunni. Rannsakað hvaða plöntur og lífverur lifa í og við vatnið.



Markmið

- Ýta undir skilning á því hvernig vatnið verður drykkjarhæft.
- Kynnast hugtökunum uppsprettu og vatnsból, kunna að nota orðin og vita hvað þau standa fyrir.
- Nemendur fá innsýn í vatnshringrásina, geta sagt frá því hvaðan vatnið kemur og hvernig það verður drykkjarhæft.



Efni og áhöld

Myndavél, blöð, pennar/litir.

Vefsíður til stuðnings

[Greiningarlyklar](#) fyrir vatnalíf

[Kafli um vatn í Halló heimur](#)



Framkvæmd

Farið er í gönguferð/rútuferð að vatnsbóli/uppsprettu. Skoðað og fræðst um hvernig vatnið verður tært og neysluhæft í hringrás sinni í náttúrunni. Athugað er hvað verður um vatnið. Dýra- og plöntulíf við vatnsbólið/uppsprettuna skoðað og teknar myndir eða jafnvel teiknaðar.

Velt fyrir sér spurningum eins og:

- hvernig kemst vatnið í kranann?
- hvaðan ætli heita vatnið komi?
- hvers vegna er mikilvægt að vernda vatnið frá mengun?

Þegar komið er til baka er hægt að gera tilraunir með vatn, t.d hreinsa vatn til þess að gera það drykkjarhæft

Aðferð - Sía vatn úr á eða stöðuvatni með kaffisíu og sjóða það. Láta það kólna. Bragða á vatninu. Er vatnið öðruvísi á bragðið en kranavatn?